

Fundarstaður: Végarður, 16:00 og í fjarfundi.

Á fundinn mættu; Þórhallur Jóhannesson formaður (í fjarfundi), Jóhann F. Þórhallsson, Lárus Heiðarsson, Signý Ormarsdóttir og Ásdís Helga Bjarnadóttir, verkefnastjóri FFF. Gunnar Gunnarsson mætti ekki.

Dagskrá

1. Staða og framtíð verkefnisins
2. Önnur mál

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

1. Staða og framtíð verkefnisins
 - a. **Nýsköpunarverkefni námsmanna** um Fljóttsdælzkar sauðfjárafurðir. Sandra H. Harðardóttir hefur unnið verkefnið í sumar og skilaði af sér eftir skýrslu, kynningarmyndbandi og kynningarfundum sem var haldinn um verkefnið 15. ágúst síðastliðinn. Í framhaldi ætla þau áhugasömustu að hittast og ræða næstu skref.
 - b. **Gersemar Fljóttsdals** – handverkssmiðja verður haldin 2.-3. september. Skráðir þátttakendur eru um 20 en frestur til skráningar er ekki liðinn. Viðburðurinn hefst á Minjasafni Austurlands og endar í Végarði með viðkomu í Húsin handanna og mögulega víðar. Leiðbeinendur alls sex og munu flestir dvelja á Hengifoss Gistihúsi. Fljóttsdalshreppur hefur gefið vilyrði um að leggja til 100 þús. til áhugaverðustu hugmyndirnar eða hugmyndanna í samráði við undirbúningsnefnd viðburðarins. Viðburðurinn er annars styrktur af Uppbyggingasjóði Austurbrúar og boðinn fram í nafni Droplaugar Hið Fljóttsdælzka handverksfjelags. Á föstudagskvöldinu verður opinn viðburður með formanni félags trérennismiða á Íslandi þar sem félagið verður kynnt og handverkið sýnt.
 - c. **Sumargöngur**. Auglýstar voru alls 9 göngur frá 21. júní til 11. ágúst. Þátttaka dræmari en áður enda veðrið og ryk misstur af hálendinu einn daginn ekki að hjálpa. Mest hafa mætt 15 manns í tvær göngur sem er mjög gott.
 - d. **Samfélagssjóðsverkefni** um lífrænan heimilisúrgang. Verkefnisstjóri hefur verið aðilum innan handar með verkefnið sem og veitt aðstoð og hvatningu til annarra verkefna sem hafa hlotið styrk úr sjóðnum. Send hefur, m.a. út könnun til íbúa og samtalið sér stað við aðila er koma að góðum lausnum í tengslum við lífrænan úrgang. Minnt er á að um áramótin breytast reglur er varðar úrgangsmál, þar sem íbúar verða sjálfir að greiða fyrir þann úrgang sem frá þeim kemur eftir þyngd eða rúmmáli.
 - e. **Búsetuminjaverkefnið**. Tveir nemandur hafa unnið að Nýsköpunarverkefni námsmanna er varðar skráningu búsetuminja sem Skúli Björn hjá Gunnarsstofnun hefur haft umsjón með. Það verkefni hefur gengið mjög vel og árangur langt umfram væntingar. Kynningarfundur var haldinn í Végarði 17. ágúst og mættu um 20 manns. Mikill áhugi er á verkefninu.
 - f. **Droplaug Handverksfjelag** bauð fram hleðslunámskeið með Þorvaldi Hjarðar sem var afar vel sótt og komust færri að en vildu. Gerður var upp reykki í landi Vallholts. Droplaug hefur auk þess tekið við umsjón styrkja og framlaga sem Langhús hefur fengið vilyrði um í

tengslum við að gera upp Kúahlöðuna. Búið er að semja við Baldur Pálsson og Bjarka Sigurðsson um hleðsluhlutann og áætla þeir að hefja þá vinnu í haust.

- g. **Landsvirkjun** samfélagsáherslur. Samtal hefur átt sér stað við sviðstjóra samfélagsmála hjá Landsvirkjun um mögulega aðkomu að verkefnum í Fljótsdal. Málín eru í skoðun.
- h. **Fljótsdalsdagurinn**. Verkefnastjóri hefur átt samtöl við fjölda einstaklinga sem hafa komið að Fljótsdalsdeginum. Aðilar eru sammála um að þetta form er barns síns tíma og þurfi að endurhugsa þar sem Fljótsdalur er kominn vel á kortið og ferðamannastraumurinn mjög mikill frá byrjun júlí og út fyrstu viku í september. Ekki sé hægt að auka álagið á mannskapinn á þessum tíma. Niðurstaða þessara viðtala var á þessa leið:
1. Áhugavert sé að auka umfang réttardagsins þar sem menning sveitarinnar er dregin fram, m.a. í gegnum handverk, veitingar og tónlist. Lögð verður því áhersla á það í ár og mál komin í ákveðið ferli.
 2. Einnig er nokkur áhugi fyrir því að vera uppskeruhátíð/októberfest þar sem lögð yrði áhersla á framleiðslu í dalnum í tengslum við eða óháð sambærilegum áhuga á Héraði.
 3. Einnig komu fram vangaveltur um það að tengjast frekar Skógardeginum mikla í júní og stækka þá helgi mögulega með fjölbreyttum viðburðum í anda þess sem verið hefur á Fljótsdalsdeginum.
- i. **Hreppsmál** – Unnið var áfram við að laga heimasíðuna, yfirfara upplýsingar eftir sveitarstjórnarskiptin, setja inn fréttir, tilkynningar og viðburði. Miðlun á ýmsum verkefnum í gegnum samfélagsmiðla og með tilkynningum/fréttaskotum til Austurgluggans/Austurfrétt og Bændablaðsins. Sent var eitt fréttabréf með tölvupósti og það borið út í hús sem ekki eru með netföng. Mætt og ljósmyndað við hengifossárgilið þegar Landhelgisgæslan flutti göngubrúarefni upp á efsta svæði gilsins og svaraði jafnframt könnun frá Sambandi sveitarfélaga um úrgangsmál fyrir hreppinn.
- j. **Önnur verkefni**: Menningarverðlaun SSA.

2. Önnur mál

- a. Verkefnisstjóri upplýsti að hún hefur verið skipuð varamaður stjórnar Svæðisráðs austurhluta Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir hönd Múlapings. Næsti fundur stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs verður í Fljótsdalnum næstkomandi þriðjudag.
- b. Sveitarstjórn mun ræða um framtíð verkefnisins á næsta fundi sínum þriðjudaginn 6. september. Telja má, miðað við umræðu, að áhugi sé á því að halda verkefninu áfram en til skoðunar er á hvaða formi það verður gert. Stór verkefni eru fram undan í sveitarfélaginu og því samhliða mikilvægt að sinna samfélaginu eins og gert hefur verið í gegnum samfélagsverkefnið.
- c. Verkefnastjóri varpaði fram hugmyndum um uppbyggingu á námi er tengjast atvinnugreinum í Fljótsdal.
- d. SO fór yfir nokkur verkefni sem eru á döfinni innan Austurbrúar og samstarfsaðila sem mögulega geta tengst verkefnum í Fljótsdal og verkefnastjóra.
- e. Umræða um mögulega skoðunarferð með Fljótsdælingum í haust þar sem lögð er áhersla á nýsköpun í dreifbýli.
- f. Verkefnastjóri áréttaði nefndarmenn um sumarfríið sitt sem að mestu verður tekið í september.

Ekki fleira rætt og fundi slitið.

Fundi slitið kl. 17:55.

ÁHBj ritaði